

# Fundargerð 361. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2013, föstudaginn 13. desember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Virkisbúð.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Már Sveinbjörnsson, og Skúli Þórðarson. Í símasambandi voru Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson, og Guðmundur Kristjánsson,

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 360. fundar frá 18. október 2013.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Fjármagn til hafnarframkvæmda í fjárlögum 2014 - 1310079HA

Lagt fram minnisblað, dags. 22 október 2013, sem starfsmaður hafnasambandsins vann. Í minnisblaðinu er fjallað um framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum 2014.

*Til kynningar.*

### 3. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum (ríkisstyrkir o.fl.).

*Til kynningar.*

### 4. Flutningur Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar 37. mál - beiðni um umsögn - 1311074HA

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 37. mál.

*Til kynningar.*

### 5. Löggilding hafnavoga - erindi frá Grindavíkurhöfn - 1310017HA

Lagt fram til kynningar bréf Innanríkisráðuneytisins, dags. 28. október 2013, þar sem ráðuneytið svarar erindi hafnasambandsins, dags. 24. október 2013, um löggilding hafnavoga.

*Stjórn Hafnasambands Íslands mótmælir því að Löggildingarstofa kveði á um að löggilda þurfi hafnavogir árlega í stað tveggja ára fresti eins og áður var.*

*Stjórn hafnasambandsins skorar á Löggildingastofu að færa þessar reglur til fyrra horfs.*

*Már gerði grein fyrir fyrirhuguðum fundi með fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um fyrirhugaðar breytingar á reglum um vigtun sjávarafla. Reglurnar kunna að hafa í för með sér aukin kostnað fyrir hafnir vegna búnaðakaupa. Má falið að koma sjónarmiðum hafnasambandsins á framfæri og afla upplýsinga um málið.*

## **6. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA**

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins árið 2014.

*Stjórn Hafnasambands Íslands staðfestir eftirfarandi starfsáætlun fyrir árið 2014:*

*17.janúar, viðverufundur, kl. 11:00.*

*28.febrúar, símafundur, kl. 11:00.*

*4.apríl, viðverufundur, kl. 11:00.*

*16.maí, vofundur, kl. 11:00.*

*15.ágúst, viðverufundur, kl. 11:00.*

*3.-5.september, Hafnasambandsþing.*

*19.september, símafundur, kl. 11:00.*

*24.október, viðverufundur, kl. 11:00.*

*21.nóvember, símafundur, kl. 11:00.*

*19.desember, viðverufundur, kl. 11:00.*

*Hafnasambandsþingið verður haldið í Dalvík og í Fjallabyggð.*

## **7. Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu), 120. mál. - 1311025HA**

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

*Til kynningar.*

## **8. Móttaka á úrgangi frá skipum - 1303021HA**

Lögð fram drög að frumvarp til breytinga á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig lagt fram minnisblað frá formanni þar sem farið er yfir athugasemdir við frumvarpið. Að auki lögð fram samantekt um þessi mál í öðrum norrænum höfnum.

*Til kynningar.*

## **9. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, lögum um loftferðir, nr. 90/1996, með síðari breytingum. - 1312017HA**

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, lögum um loftferðir, nr. 60/1998, vopnalögum, nr. 16/1998, og

lögreglugögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

*Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.*

#### **10. Neyðarhafnir og skipaafdreip - 0806047HA**

Cert grein fyrir sjónarmiðum hafnasambandsins í tengslum við fyrri vinnu við gerð reglugerðar um neyðarhafnir.

*Til kynningar.*

Í lok fundar óskaður formaður stjórnarmönnum og starfsmanni hafnasambandsins gleðilegrar jólahátíðar.

Fundi var slitið kl. 12:00

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur Kristjánsson

---

Valur Rafn Halldórsson